

Aðalfundur Skautafélags Reykjavíkur

Haldinn í fundarsal A, ÍSÍ. 8. júní 2010 kl 20:00

Fundargerð

Aðalfundurinn var löglega boðaður á heimasíðu félagsins og var engin athugasemd við boðun hans.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri var kjörinn Maríus Þ. Jónasson og fundarritari Helgi Már Hannesson.

Dagskrá:

2. Fundargerð síðasta aðalfundar.

Margrét Ólafsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar sem var haldinn 1. júlí 2009.

3. Skýrsla stjórnar og deilda.

Margrét Ólafsdóttir las ársskýrslu stjórnar.

Fyrirspurnir:

Ragna spyr um yfirtöku SR á skautahöll. Margrét svarar að bæði hún og stjórnin séu bjartsýn á framhaldið.

-Lagt var til að skýrslur deildanna muni verða aðgengilegar á heimasíðum deildanna og var það samþykkt af fundargestum og að ekki væri nauðsynlegt að lesa þær upp á fundinum.

4 og 5. Ársreikningar.

Gjaldkeri LSR Ragna Þóra Ragnarsdóttir lagði fram ársreikninga ársins 2009.

Hreyfingalisti lagður fram.

Maríus hafði staðfest reikninga og voru þeir ræddir.

Fyrirspurnir:

Fundargestir vilja fá að vita fjölda iðkenda í hvorri grein og Ragna á að senda þessar upplýsingar á formenn deilda.

Ársreikningar bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóma.

Ársreikningar voru samþykktir á aðalfundi hvorrar deildar.

6. Kosning stjórnar

Margrét Ólafsdóttir var kjörinn formaður.

Aðrir sem kjörnir voru í stjórn:

Ragna Þóra Ragnarsdóttir, gjaldkeri

María Jónsdóttir, ritari

Varamenn voru kjörnir:

Ragnhildur Vigfúsdóttir

Bjarnveig Guðjónsdóttir

Skoðunarmenn reikningar voru kjörnir Maríus P. Jónasson og Birna Björnsdóttir.

Lagt var til að hafa samband við Birnu um áframhaldandi setu hennar sem skoðunarmaður þar sem hún var ekki viðstödd og var það samþykkt.

8. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar hafa borist.

9. Önnur mál

-Maríus leggur til að númerin í 8. grein í lögum félagsins, verði löguð þannig að ekki sé autt númer inn á milli.

-Linda og Helgi, formenn deildanna, leggja til að ásýnd félagsins verði efld og að félagið komi saman undir einu merki. Lög um merki félagsins er ekki til og mætti skoða það mál betur.

Lagt var til af Margréti að láta leggja þetta fyrir stjórnir deildanna.

-Linda spyr um hvort mögulegt sé að auka starfshlutfall hjá starfsmanni á launaskrá. Margrét leggur til að þetta verði tekið fyrir á næsta fundi stjórnar.

Fundi slitið kl 22:00

8. júní 2010.

Helgi Már Hannesson fundarritari.